16.1 Áhættustefna, skipulag og markmið áhættustýringar

Í daglegri starfsemi sinni sem lífeyrissjóður stendur sjóðurinn frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Stjórnendur sjóðsins bera ábyrgð á að gera sér grein fyrir þeim áhættum sem fylgja starfseminni og að fullnægjandi áhættustýring sé ávallt til staðar. Til að mæta þessari kröfu hefur sjóðurinn mótað sérstaka áhættustefnu og áhættustýringarstefnu, þar sem áhætta er skilgreind, helstu áhættuþáttum lýst og gerð grein fyrir skipulagi og framkvæmd áhættustýringar. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á því að móta og samþykka áhættustefnu og sjá til þess að virk áhættustýring sé til staðar hjá sjóðnum, sem tekur til allrar starfsemi hans. Áhættustýring skal innihalda skilvirka ferla og vinnulag. Hún þarf einnig að tryggja að framkvæmda- og áhættustjóri fylgist með því að þessir ferlar séu fullnægjandi og verklag sé skilvirkt. Hluti af áhættustefnu er áhættuáætlun sem sett er upp í fjárfestingarstefnu sjóðsins, þar er áhættuþol sjóðsins metið og töluleg markmið sett um áhættu og hvernig takmörk um áhættu eru nýtt í einstökum flokkum eigna. Í áhættustýringarstefnu er hins vegar fjallað um hvernig áhætta er metin og hvernig fylgst er með að áhættuviðmið séu haldin og hvernig eftirliti er háttáð. Lagt er mat á mikilvægi áhættuflokka, eftirlitsaðgerðir eru skilgreindar og sett fram dagskrá áhættustýringar, þar sem eftirlitsaðgerðir eru tímasettar, hver ber ábyrgð og hvaða skýrslum skuli skilað. Í lögum er lögð sú skylda á lífeyrissjóði að framkvæma eigið áhættumat en samkvæmt reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða er tilgreint að matið skuli framkvæmt a.m.k. árlega. Stjórn, framkvæmdarstjóri og áhættustjóri eiga að taka virkan þátt í gerð eigin áhættumats en framkvæmd þess er í höndum tveggja síðast nefndu. Stjórn er skilað reglulegum skýrslum um framkvæmd áhættustýringar, auk skýrslna um hlítu við lög, reglur og stefnu sjóðsins. Fjárfestingum og raunar allri starfsemi fylgir áhætta. Til að ná markmiðum sínum þarf sjóðurinn að taka áhættu. Áhættustýring felst í því að stýra áhættu þannig að hún verði innan þeirra marka sem starfseminni hefur verið sett.

16.2 Helstu flokkar áhættu í starfsemi sjóðsins

Lífeyrstryggingaráhætta:

Með lífeyrstryggingaráhættu er átt við hættuna á því að skuldbindingar sjóðsins vaxi umfram eignir og að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga. Helstu áhættuþættir í þessum flokki eru: skerðingaráhætta og lýðfræðileg áhætta, en einnig má nefna áhættur eins og iðgjaldaáhættu og lausafjáraáhættu. Skerðingaráhætta er hættan á því að skerða þurfi lífeyrissjóðnum sjóðfélaga. Lýðfræðileg áhætta er hættan á að lýðfræðilegar forsendur sem notaðar eru við mat á lífeyrisloforðum sjóðsins breytist á þann veg að lífeyrir reynist lakari en áætlanir gera ráð fyrir. Fylgst er með tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins með mánaðarlegum könnunum og árlega framkvæmir tryggingastærðfræðingur sjóðsins tryggingafræðilegt athugun á stöðu hans. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er lífeyrissjóðnum skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins til að jafna þann mun. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Þar sem að réttindi í sjóðnum breytast í samræmi við ávöxtun á eignum hans tryggir réttindakerfið ákveðna aðlögun eigna og skuldbindinga, sem dregur úr þessari áhættu. Á móti kemur að ávöxtun á eignum sjóðsins hefur bein áhrif á kaupmátt lífeyrissjóðnum. Lausafjáraáhætta er fólgin í hættunni á að sjóðurinn eigi ekki laust fé til að standa straum af lífeyrisgreiðslum og rekstri. Hluti af lausafjáraáhættu er seljanleika áhætta eigna, þ.e. hversu auðvelt er að breyta eignum í laust fé. Til að mæta lausafjáraáhættu hefur sjóðurinn sett sér það markmið að eiga á hverjum tíma laust fé til að mæta a.m.k. 2 mánaða útgjöldum vegna lífeyris og rekstrar.

Mótaðilaáhætta:

Mótaðilaáhætta er hættan á að mótaðilar eða milliliðir í viðskiptum, t.d. útgefendur skuldabréfa, sjóðfélagar, fyrirtæki og uppgjörsaðilar, standi ekki í skilum (t.d. vegna gjaldþrots) eða að hæfni þeirra til greiðslu versni verulega, bæði vegna útlána og kaupa á fjármálagerningum á markaði. Samþjöppunar- og landsáhætta fellur undir mótaðilaáhættu, enda felur hún í sér hættuna á að margir mótaðilar lendi samtímis í vanefndum. Motaðilaáhætta er metin bæði áður en viðskipti eiga sér stað og síðan í eftirfylgni með vörslu, endurgreiðslu og uppgjöri á fjármálagerningum. Motaðilaáhættu þ.m.t. útlánaáhættu er stýrt með áreiðanleikakönnunum og lánshæfismati á mótaðilum, mörkum sem sett eru um kröfur á einstaka aðila eða skylda aðila í eignasafni sjóðsins, reglubundinni skýrslugjöf frá mótaðilum og mati á fjárhagstyrk þeirra, eftirfylgni með skilum og innheimtuaðgerðum, auk reglna um áhættuflokkun viðskiptamanna og varúðarniðurfærslur. Gerð er grein fyrir þróun mótaðilaáhættu í reglubundinni skýrslugjöf til stjórnar.

Fjárhagsleg áhætta:

Með fjárhagslegri áhættu er átt við hættuna á því að fjárhagslegar eignir sjóðsins rýrni í verði og að tekjur af þeim verði lakari en væntingar stóðu til. Sjóðurinn er fyrst og fremst markaðsfjárfestir og eignir hans og áhætta er háð sveiflum á fjármálamörkuðum. Fjárhagsleg áhætta markast af þeim eignaflokkum sem sjóðurinn fjárfestir í og hvernig eignasafn hans er saman sett.

Fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta) lýtur fyrst og fremst að fjárhagslegum atriðum í starfsemi sjóðsins, þ.e. hættu á fjárhagslegu tapi vegna breytinga á markaðsvirði liða innan og utan efnahagsreiknings, þar á meðal vegna breytinga á vöxtum, uppgreiðslu- og endurfjárfestingaráhættu, gengi gjaldmiðla, verðbólgu og breytinga á virði fjáreigna. Þessi áhætta getur leitt til neikvæðra áhrifa á rekstur og/eða efnahag, bæði vegna aðgerða eða atburða innan sjóðsins eða utan hans. Neikvæð áhrif á rekstur og efnahag geta dregið úr möguleikum lífeyrissjóðsins til að framfylgja stefnu og ná markmiðum sínum. Fjárhagslegri áhættu er fyrst og fremst stýrt með því að fjárfesta í mismunandi flokkum eigna, sem hegða sér misjafnlega við mismunandi markaðsaðstæður, og dreifa þannig áhættu. Í fjárfestingastefnu sjóðsins og stefnum einstakra undirsafna eru fjölmörg ákvæði sem sett eru í þeim tilgangi að stýra áhættu. Þar eru sett markmið um eignasamsetningu, ákvarðaðar viðmiðunarvísitölur sem tekið er mið af við stýringu eigna og vikmörk sett um frávik frá viðmiði. Sett er fram sérstök áhættuáætlun, þar sem tilgreind eru markmið áhættu mæld sem staðalfrávik ávöxtunar og hvernig það er útfært niður á einstaka eignaflokka, markmið um áhættulækkun sem áhættudreifing á að skila, markmið um árangurslutfall, hermiskekkju, vágildi (VaR) og fleiri áhættumælikvarða. Mælingar á markaðsáhættu eru gerðar með reglulegu millibili og skilar áhættustjóri mánaðarlegum skýrslum til stjórnar um það efni og ítarlegri skýrslum ársfjórðungslega. Brugðist er við með breytingum á eignasamsetningu þróist þessir mælikvarðar á þann veg að hættu sé á að áhætta fari út fyrir markmiðsáhættu sjóðsins.

16. Áhættupættir í starfsemi og áhættustýring (framhald)

Vaxta- og endurfjárfestingaráhætta

Hættan á að breytingar á vöxtum og lögum vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa (sjá einnig verðbreytingaráhætta). Ef vextir hækka lækkar markaðsvirði skuldabréfaeignar hans. Ef skuldabréf eru ekki metin á markaðsvirði getur sjóðurinn þurft að innleysa gengistap við sölu á skuldabréfum sem keypt voru á lægri vöxtum. Ef vextir lækka getur það leitt til lægri kaupkröfu nýrra skuldabréfa þegar núverandi skuldabréf eru á gjalddaga (endurfjárfestingaráhætta) eða eru greidd upp.

Tryggingadeild	Meðlíftími			
	2024	2023	31.12.2024	31.12.2023
Skuldabréf á föstum vöxtum.....	6,6	6,7	137.561.887	123.160.866
Skuldabréf á breytilegum vöxtum.....	13,6	11,2	26.649.364	23.032.643
Samtals	7,7	7,4	164.211.250	146.193.509

Uppgreiðsluáhætta

Sum skuldabréf eru með uppgreiðsluheimild, sem felur í sér uppgreiðsluáhættu fyrir sjóðinn. Hættan er sú að skuldabréf verði greidd upp fyrir lokagjalddaga og að lífeyrissjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem gert var ráð fyrir við kaup bréfanna. Uppgreiðsluáhætta er nátengd vaxtaáhættu, þ.e. ef vextir lækka, eykst hættan á uppgreiðslu bréfa með slíka heimild. Samkvæmt reglum sem Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) hefur gefið út er uppgreiðsluáhætta skilgreind sem líkur á að uppgreiðslur vaxi eftir því sem munur á vöxtum skuldabréfa og markaðsvöxtum er meiri. Þegar verðmæti uppgreiðsluhæfra skuldabréfa með föstum vöxtum er metið í tryggingafræðilegri úttekt skal samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða „taka tillit til þess til lækkunar mats í samræmi við reglur gefnar út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga“.

	2024	2023
Fullu innleysanlegt.....	23.495.959	18.922.455
Fullu innleysanlegt - með skilyrðum.....	25.549.801	22.793.110
Breytilegir vextir.....	399.708	399.461
Fastir vextir.....	25.150.093	22.393.649
Óinnleysanlegt.....	115.165.491	104.477.944

Verðbreytingaráhætta

Stærsta áhættan við fjárfestingar í markaðsverðbréfum eru breytingar á markaðsvirði bréfanna vegna hagþróunar og breytinga á viðhorfi markaðsaðila. Hætta er á lækkun markaðsvirðis verðbréfa með breytilegar tekjur, svo sem hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða. Sama hætta er einnig fyrir hendi vegna verðbréfa með fastar tekjur, vegna almennra vaxtahækkana, breytinga á lögum vaxtakúrfu eða vaxtaálagi. Notaðir eru ýmsir mælikvarðar til að mæla markaðsáhættu s.s. VaR (e. Value at Risk, ísl. vægildi), flókt (staðalfrávik), beta, auk ýmissa hlutfalla sem geta bæði gefið til kynna breytingar á markaðinum í heild eða á einstökum eignaflokkum og eignum.

Gjaldmiðlaáhætta

Hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni rýri verðmæti eigna sjóðsins mælt í sömu mynt, en allar skuldbindingar sjóðsins eru í íslenskum krónum. Samkvæmt 6. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 skal lífeyrissjóður takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 50% af hreinni eign sjóðsins.

	2024	2023
Eignir í erlendra mynt.....	41,0%	40,9%

Ósamræmisáhætta

Hættan á ósamræmi í breytingum á markaðsverði eigna annars vegar og breytingum skuldbindinga hins vegar bæði vegna mismunandi líftíma og fjárstreymis. Dæmi um áhættupátt af þessu tagi er verðtrygging. Lífeyrisréttindi eru að fullu verðtryggðar skuldbindingar, en eignasafn er aðeins verðtryggt að hluta.

Verðbólguáhætta

Hættan á að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram ávöxtun óverðtryggðra eigna. Verðbólguáhætta, er ásamt vaxtaáhættu stærsta fjárhagslega áhættan í rekstri lífeyrissjóða. Verðbólguáhættu er hægt að stýra með hlutfalli verðtryggðra eigna af heildarsafni sjóðsins og fjárfestingu í eignum sem hafa fylgni við verðbólgu (eru góð verðbólguvörn). Verðbólguáhættu má einnig verja með afleiðum.

	2024	2023
Verðtryggingarhlutfall.....	36,1%	35,9%

Áhætta vegna skuldbindinga utan efnahags

Hættan á að atriði sem ekki eru hluti af eiginlegum efnahagsreikningi hafi neikvæð áhrif á stöðu sjóðsins. Sjóðurinn á ekki eignir sem eru utan efnahags, hins vegar eru lífeyrisskuldbindingar sjóðsins, sem er stærstur hluti skuldbindinga hans, utan efnahags í hefðbundnu uppgjöri. Þessar skuldbindingar eru metnar í tryggingafræðilegum uppgjörum, sem gerð eru í tengslum við ársuppgjör sjóðsins. Einnig eru gerð sérstök álagspróf til að leggja mat á mögulega þróun í þessu efni.

16. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring (framhald)

Rekstraráhætta:

Rekstraráhætta lítur fyrst og fremst að starfsemi lífeyrissjóðsins. Starfsemin skal lúta þeim reglum sem um hann eru settar í lögum, reglugerðum, eigin samþykktum og reglum sjóðsins. Stefnt skal að sem mestri hagkvæmni í rekstri þannig að sem mestar líkur séu á að sjóðurinn nái markmiðum sínum. Sjóðnum skal stjórnað með heiðarleika, ráðvændni og með góða starfshætti að leiðarljósi. Rekstrar- og umhverfisáhætta er að jafnaði skilgreind sem hættan á tjóni sem rekja má til ófullnægjandi eða ónothæfra innri verkferla, starfsmanna, sviksemi, orðspors, upplýsingakerfa eða til ytri atburða. Til að stýra rekstraráhættu hefur sjóðurinn sett sér margvíslegar reglur sem gilda um starfssemi hans, þ.m.t. starfsreglur stjórnar, siðareglur, verklagsreglur um verðbrefaviðskipti, reglur um upplýsingagjöf til stjórnar, reglur um heimildir þ.m.t. ítarlegar reglur um heimildir til fjárfestinga. Í skipulagi eru sett skýr starfs- og ábyrgðarsvið, aðgreining starfa er afmörkuð með ítarlegum starfslýsingum og verkferlum. Reglubundin fundahöld eru með starfsmönnum, þ.m.t. starfsmannasamtöl, sjóðurinn hefur sérstaka starfsdaga þar sem farið er yfir öll svið starfseminnar og boðið upp á þjálfun og námskeiðahald. Sjóðurinn leggur áherslu á góðan og jákvæðan starfsanda, að sjóðurinn sé eftirsóknarverður vinnustaður, boðleiðir séu stuttar og að strax sé brugðist við vandamálum sem lúta að starfsmönnum og velferð þeirra. Beitt er virku innra eftirliti og gerðar eru margháttaðar kannanir á öllum helstu þáttum í starfsemi sjóðsins og er niðurstöðum slíkra kannana skilað til endurskoðunarnefndar og stjórnar sjóðsins.

16.3 Næmnigreining áhættuþátta:

Í töflunni fyrir neðan er reynt að meta hver áhrif möguleg áföll geta haft á efnahag og afkomu sjóðsins. Kannaðir eru níu þættir sem gætu raungerst og áhrif þeirra á hlutfall heildarskuldbindingu sjóðsins. Þetta er sett fram með hliðsjón við sambærilegar breytingar frá fyrra ári. Um er að ræða „hvað ef“ aðferðarfræði, þar sem ekki er tekið tillit til innbyrðis fylgni milli áhættuþátta. Vakinn er athygli á því að þetta er breyting frá núverandi stöðu.

Staða í árslok 2024 m.v. álagforsendur:

	2024	2023
Núvirðisvextir lækka um 0,5%	-10,5%	-10,2%
Líftöflur hliðrast um 2 ár	-4,1%	-4,1%
Öorkulíkur auknar um 10%	-0,9%	-1,1%
VNV hækkun ársins aukin um 0,5%	-0,2%	-0,2%
GVT lækkar um 10%	-2,5%	-2,4%
Fasteignaverðtryggð skuldabréf lækka um 10%	-1,3%	-1,2%
Innlend /erlend markaðsskuldabréf lækka um 10%	-2,3%	-2,3%
Erlend hlutabréf lækka um 10%	-1,8%	-1,8%
Innlend hlutabréf lækka um 10%	-1,1%	-1,0%

17. Önnur mál

Málefni ÍL-sjóðs

Stapi átti í árslok 2024 skuldabréf útgefin af ÍL-sjóði (áður Íbúðalánasjóður) að verðmæti 28 ma.kr. Í október 2022 kynnti þáverandi fjármálaráðherra niðurstöður skýrslu um stöðu ÍL-sjóðs og næstu skref sem fyrirhugað var að ráðast í. Skuldabréf voru gefin út af Íbúðalánasjóði frá árinu 2004, með ríkisábyrgð, sem bera 3,75% verðtryggða vexti og eru án uppgreiðsluheimilda (sk. íbúðabréf). Frá því tímamarki sem íbúðabréfin voru gefin út hefur vaxtastig á Íslandi lækkað og markaðsvirði skuldabréfanna þar með hækkað. Einn af valkostum sem þáverandi fjármálaráðherra lagði fram var að setja afturvirk lög um slit ÍL-sjóðs og framkalla þannig greiðsluþrot ÍL-sjóðs.

Daginn eftir umrædda kynningu fjármálaráðherra voru íbúðabréf sett á athugunarlista í Kauphöll Íslands vegna óvissu um útgefandann og verðmyndun bréfanna. Í framhaldinu hafa svo átt sér stað viðskipti með bréfin sem hafa leitt til þess að markaðsvirði þeirra hefur lækkað umtalsvert. Íbúðabréf með lokagjalddaga 2044 lækkuðu í verði um 16%, íbúðabréf með lokagjalddaga 2034 lækkuðu um rúmlega 8% og íbúðabréf með lokagjalddaga 2024 um rúmlega 1%.

Heildarfjárhæð íbúðabréfa í eignasafni Stapa nam um 32 ma. kr. Þann þegar þáverandi fjármálaráðherra kynnti hugmyndir sínar. Í framhaldi af umræddum kynningarfundum þáverandi fjármálaráðherra lækkaði virði bréfanna um 4,4 ma. kr. (13,6%). Áhrif lækkunar bréfanna á ávöxtun tryggingadeildar Stapa voru neikvæð sem nemur um 1,3% af heildareignum. Neikvæð áhrif á séreignarsófn voru 2,0% í Varfærna safni, 1,8% í Áráðna safni og 0,7% í tilgreindri séreign.

Stapi á aðild að sameiginlegum vettvangi lífeyrissjóða vegna málsins. Sjóðurinn hefur sjálfur og á sameiginlegum vettvangi lífeyrissjóða aflað lögfræðialita sem staðfesta að fyrirhugaðar aðgerðir fjármálaráðherra andstæðar eignarréttarkvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu.

Í febrúar 2024 lagði fjármálaráðherra fram frumvarp um slit ógjaldfærra opinberra aðila þar sem framangreindar hugmyndir voru útfærðar nánar og í meginatriðum fallist á kröfur handhafa íbúðabréfa, aðrar en tímasetning greiðslu bóta fyrir eignanáam. Stapi samþykkti ásamt 17 öðrum lífeyrissjóðum að hefja viðræður við fjármálaráðuneytið um hugsanlegt uppgjör á íbúðabréfum í sama mánuði. Komi til þess að Alþingi samþykki afturvirk lög líkt og fjármálaráðherra boðaði gerir sjóðurinn ráð fyrir að sækja bætur fyrir tjón sem slík lagasetning kann að valda.

Framangreind atburðarás hefur skiljanlega skapað óvissu um verðmyndun skuldabréfanna. Viðskipti með íbúðabréf voru á árinu 2024 afar stopul og viðskiptamagn var mjög lítið. Með hliðsjón af mati á lagalegri stöðu Stapa gagnvart skilmálum íbúðabréfa er verðmæti þeirra metið miðað við áfallið virði þeirra (par). Ef miðað hefði verið við síðasta viðskiptaverð yrði verðmæti þeirra reiknað 1,8 ma.kr. lægri, samanber neðangreint.

	Bókfært verð	Verðmat m.v. síðasta viðskiptaverð	Mismunur
Íbúðabréf sundurliðast þannig á deildir:			
Tryggingadeild.....	27.565.276	25.824.263	(1.741.013)
Séreignardeild.....	841.079	787.412	(53.666)
Tilgreind séreignardeild.....	21.674	19.969	(1.704)
Samtals	28.428.029	26.631.645	(1.796.384)

17. Önnur mál (framhald)

Í mars 2025 var greint frá því að viðræðunefnd fjármála- og efnahagsráðherra og ráðgjafar lífeyrissjóðahefðu saman mótað tillögur um uppgjör Íbúðabréfa sem greiða mun fyrir slitum ÍL-sjóðs. Virði Íbúðaréfanna í uppgjörinu er metið 651 ma.kr. Í uppgjörstillögunum felst að ÍL-sjóður og íslenska ríkið afhendi kröfuhöfum áður nefnd ríkisskuldabréf að andvirði 540 ma.kr., önnur verðbréf í eigu ÍL-sjóðs að andvirði 38 ma.kr, gjaldeyri og reiðufé að andvirði 73 ma.kr. Tillaga viðræðuhópsins verður lögð fyrir fund kröfuhafa, en samþykki 75% atkvæða eftir kröfufjárhæð þarf til að tillagan að uppgjöri teljist bindandi fyrir alla kröfuhafa. Verði tillagan samþykkt mun fjármálaráðherra sækja heimild Alþingis til að ljúka uppgjöri í samræmi við tillöguna.

Tillagan miðar við að Íbúðabréfin verði gerð upp miðað við ávöxtunarkröfuna 3,57% í tilviki HFF150434 og 3,17% í tilviki HFF150644. Ef miðað hefði verið við framangreinda ávöxtunarkröfu við verðmat skuldabréfanna yrði verðmæti þeirra reiknað 1,1 ma.kr. hærrí, samanber neðangreint.

	Bókfært verð	Verðmat m.v. tillögu	Mismunur
Íbúðabréf sundurliðast þannig á deildir:			
Tryggingadeild.....	27.565.276	28.672.984	1.107.707
Séreignardeild.....	841.079	876.218	35.140
Tilgreind séreignardeild.....	21.674	22.484	811
Samtals	28.428.029	29.571.687	1.143.658

Skýringar

Kennitölur

	2024	2023	2022	2021	2020
Tryggingadeild					
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	4,42%	2,53%	-5,07%	-4,75%	1,45%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	6,03%	4,63%	-2,15%	-1,12%	1,08%
Hrein raunávöxtun *).....	6,25%	-1,71%	-12,55%	12,77%	9,15%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár *).....	2,37%	3,08%	3,73%	7,64%	5,05%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár *).....	3,71%	3,60%	3,86%	5,68%	4,53%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	44,1%	42,9%	40,8%	43,6%	42,1%
Skráð skuldabréf	33,3%	33,8%	35,6%	35,6%	39,6%
Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	15,9%	16,8%	18,0%	15,8%	12,5%
Óskráð skuldabréf	6,6%	6,4%	5,5%	4,9%	5,7%
Bundnar bankainnstæður	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	59,0%	59,1%	62,0%	62,0%	64,8%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	41,0%	40,9%	38,0%	38,0%	35,2%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	16.548	16.239	15.686	14.970	14.654
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	99.014	97.415	95.639	93.487	92.054
Fjöldi lífeyrisþega	13.024	12.528	12.003	11.588	10.966
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun	74,4%	74,0%	73,2%	72,1%	71,3%
Örorkulífeyrir	22,0%	22,4%	22,8%	23,8%	24,3%
Makalífeyrir	3,1%	3,1%	3,3%	3,6%	3,7%
Barnalífeyrir	0,5%	0,5%	0,6%	0,6%	0,7%
Stöðugildi	20,1	19,8	20,3	20,0	19,3
Iðgjöld alls (á föstu verðlagi)	19.508.289	19.358.063	18.560.742	17.715.422	16.932.522
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)	12.102.106	11.332.284	10.403.636	9.901.254	9.369.334
Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi) *)	42.873.912	22.798.726	-16.106.004	67.386.680	43.356.871
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (á föstu verðlagi)	562.691	533.276	572.988	575.324	558.254
Hækkun á hreinni eign (á föstu verðlagi)	49.717.404	30.291.229	-8.521.886	74.625.524	50.361.805
Lífeyrisþyrði	62,0%	58,5%	56,1%	55,9%	55,3%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum	2,9%	2,8%	3,1%	3,2%	3,3%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna *)	10,6%	5,9%	-3,9%	16,7%	12,2%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,14%	0,14%	0,14%	0,14%	0,16%

*) Hrein raunávöxtun er reiknuð af hreinum fjárfestingatekjum að frádregnum rekstrarkostnaði og öðrum gjöldum. Í útreikningum á hreinum fjárfestingatekjum sem hlutfalli af meðalstöðu eigna hafa önnur gjöld verið dregin frá fjárfestingatekjum. Fast verðlag miðast við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Skýringar

Kennitölur

	2024	2023	2022	2021	2020
Séreignardeild - Varfærna safnið					
Hrein raunávöxtun - Varfærna safnið.....	7,53%	-0,17%	-16,03%	9,40%	8,08%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár - Varfærna safnið.....	1,28%	1,98%	1,97%	6,87%	5,24%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár - Varfærna safnið.....	3,22%	2,95%	3,40%	5,65%	5,16%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	57,6%	53,3%	49,8%	46,4%	47,7%
Skráð skuldabréf	42,4%	46,7%	50,2%	53,6%	52,3%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	63,1%	65,7%	69,4%	77,9%	78,9%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	37,0%	34,3%	30,7%	22,1%	21,1%
Fjöldi virkra sjóðfélaga					
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	216	213	215	219	163
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	4.277	4.284	4.301	4.279	4.324
Fjöldi lífeyrisþega	99	142	123	161	138
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun	98,7%	100%	100,0%	100%	100%
Örorkulífeyrir	1,3%	0,3%	0,0%	0,1%	0,0%
Iðgjöld alls (á föstu verðlagi)					
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)	96.022	96.855	142.069	557.244	128.220
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)	121.342	132.282	138.280	137.030	112.717
Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi) *)	313.394	194.972	-207.910	379.242	260.372
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (á föstu verðlagi)	12.540	12.015	13.238	13.294	10.950
Hækkun (lækkun) á hreinni eign (á föstu verðlagi)	275.534	147.531	-217.359	786.161	264.925
Lífeyrisbyrði					
Lífeyrisbyrði	126,4%	136,6%	97,3%	24,6%	87,9%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum	13,1%	12,4%	9,3%	2,4%	8,5%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna					
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna	12,1%	7,7%	-7,5%	14,1%	11,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,49%	0,48%	0,48%	0,50%	0,49%

Skýringar

Kennitölur

	2024	2023	2022	2021	2020
Séreignardeild - Áræðna safnið					
Hrein raunávöxtun - Áræðna safnið.....	9,22%	0,35%	-17,48%	13,30%	10,52%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár - Áræðna safnið.....	2,52%	3,57%	3,35%	8,52%	5,80%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár - Áræðna safnið.....	3,91%	3,69%	4,07%	6,72%	5,37%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	70,5%	66,8%	62,9%	61,5%	62,5%
Skráð skuldabréf	29,5%	33,2%	37,1%	38,5%	37,5%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	53,3%	54,0%	61,1%	65,1%	68,8%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	46,7%	46,0%	38,9%	34,9%	31,2%
Fjöldi virkra sjóðfélaga					
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	631	618	601	555	371
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	11.469	11.360	11.232	11.090	11.053
Fjöldi lífeyrisþega	140	159	151	258	227
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun	99,0%	97,9%	97,7%	98,2%	98,8%
Örorkulífeyrir	1,0%	2,1%	2,4%	1,8%	1,2%
Iðgjöld alls (á föstu verðlagi)					
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)	281.723	197.881	182.326	53.099	70.664
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)	103.227	147.484	121.761	203.165	216.463
Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi) *)	866.073	488.178	-592.266	1.176.396	843.937
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (á föstu verðlagi)	30.701	28.077	30.152	32.633	29.034
Hækkun á hreinni eign (á föstu verðlagi)	1.013.868	510.498	-561.852	993.697	669.105
Lífeyrisbyrði					
Lífeyrisbyrði	36,6%	74,5%	66,8%	382,6%	306,3%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum	10,9%	14,2%	16,5%	61,5%	41,1%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna					
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna	13,7%	8,2%	-9,1%	17,5%	13,8%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,48%	0,47%	0,47%	0,49%	0,47%

Skýringar

Kennitölur

	2024	2023	2022	2021	2020
Séreignardeild - Innlánasafnið					
Hrein raunávöxtun - Innlána safnið.....	1,81%	-1,97%	-6,67%	-4,81%	-3,41%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár - Innlána safnið.....	-3,05%	-3,36%	-3,04%	-1,22%	0,26%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar s.l. 10 ár - Innlána safnið.....	-0,80%	-0,70%	-0,23%	0,71%	1,50%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Skráð skuldabréf	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Bundnar bankainnstæður	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	100%	100%	100%	100%	100%
Fjöldi virkra sjóðfélaga					
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	83	64	48	47	249
Fjöldi lífeyrisþega	187	175	127	118	357
Fjöldi lífeyrisþega	11	9	7	11	21
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun	100%	100%	100%	100%	100%
Iðgjöld alls (á föstu verðlagi)					
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)	-9.988	52.387	10.478	-263.897	108.690
Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi) *)	18.003	10.128	15.854	12.231	28.840
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (á föstu verðlagi)	21.317	18.259	7.234	884	3.482
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (á föstu verðlagi)	459	441	436	701	3.112
Hækkun (lækkun) á hreinni eign (á föstu verðlagi)	-7.134	60.076	1.421	-275.946	80.220
Lífeyrisbyrði	-180,2%	19,3%	151,3%	-4,6%	26,5%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum	-4,6%	0,8%	4,2%	-0,3%	2,9%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna	6,4%	5,6%	2,3%	0,2%	0,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,14%	0,15%	0,14%	0,14%	0,51%

Skýringar

Kennitölur

	2024	2023	2022	2021	2020
Tilgreind séreignardeild: Varfærna safnið					
Hrein raunávöxtun - Varfærna safnið	5,78%	-0,91%	-15,54%	7,46%	8,61%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár - Varfærna safnið	0,65%	0,49%	-0,23%	3,09%	0,0%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum	71,0%	71,1%	63,6%	60,3%	40,2%
Skráð skuldabréf	29,0%	28,9%	36,4%	39,7%	59,8%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	66,3%	66,5%	74,5%	81,7%	95,1%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	33,7%	33,5%	25,5%	18,3%	5,0%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	457	422	394	396	370
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	763	684	699	544	494
Fjöldi lífeyrisþega	45	44	42	12	7
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Eftirlaun	100%	100%	100%	100%	100%
Iðgjöld alls (á föstu verðlagi)	219.952	222.809	154.501	138.933	129.652
Lífeyrir alls (á föstu verðlagi)	27.515	29.676	23.934	8.654	2.111
Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi) *)	98.387	50.124	-41.979	61.775	40.352
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (á föstu verðlagi)	3.881	3.039	2.757	2.318	1.485
Hækkun (lækkun) á hreinni eign (á föstu verðlagi)	286.943	240.217	85.831	189.736	166.408
Lífeyrisbyrði	12,5%	13,3%	15,5%	6,2%	1,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum	1,8%	1,4%	1,8%	1,7%	1,1%
Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna	24,2%	7,0%	-7,0%	12,4%	12,1%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna	0,42%	0,42%	0,46%	0,46%	0,44%